

# Aðalfundur SSF 16.04.2009

## Þjóðmenningarhúsinu

Mættir félagsmenn voru: 14 með stjórnarmönnum, Helga og Pétur (stjórnarmenn boðuðu forföll)

Fundarstjóri: Ásborg Arnþórsdóttir

Ritari fundar: Kristín Sóley Björnsdóttir

### 1. Skýrsla stjórnar

Rögnvaldur, formaður, kynnti ítarlega skýrslu stjórnar. Meðal helstu verkefna á árinu 2008 voru: Málþingið – Söguslóðir 2008-getið í eyðurnar, 20 félagar gerðu góða reisu til Isle of Man sem styrkt var af mannskiptaáætlun Leonardo da Vinci (menntaáætlun Evrópusambandsins), stór styrkur (5 millj) fékkst til markaðssóknar í Evrópu frá Ferðamálastofu til að innleiða verkefnið „Sögueyjan Ísland“ en það felst í þremur blaðamannaferðum í ágúst–sept 2009. Verkefnið er unnið í samvinnu við Helmut Lugmayer, leiðsögumann, ferðaskrifstofuna Ísafold og ferðaskrifstofu bænda og að sjálfsögðu félagsmenn samtakanna. Samtökin voru hvött til þess að sækja á ný til Leonardo til þess að fara út í haust og heimsækja menningarferðaþjónustuaðila í Hollandi og Belgíu, hugsanlegt er að aðilar fari einnig til Gotlands í Svíþjóð. Bæklingur var gefinn út aftur endurbættur. Norskri útgáfu var bætt við. Enn ein nýjungin í starfi samtakanna er spurningaleikur fyrir ferðamenn á þeim stöðum sem taka þátt í kynningarefniinu. Auk þess sem heimasíðan er nú komin á þýsku. Unnið verður að eflun heimasíðunnar svo hún verði félagsmönnum til meira gagns. Í deigluinni er einnig að gera leiknar útvarpsauglýsingar. Samtökin tóku þátt í Vest norden kaupstefnunni sem og ITB kaupstefnunni í Berlín.

Fjórir formlegir stjórnarfundir voru haldnir þar af 3 símafundir. Auk þess voru nokkrir óformlegir fundir haldnir þar sem minnihluti stjórnar sat fundi og ræddi mál samtakanna. Félagssfundur var haldinn í Borgarnesi. Þar var m.a. ákveðið að meiri áhersla skyldi verða sett á handverk og minjagrip. Örnámskeið sem haldin verða í kjallara Norræna hússins í tengslum við málþing okkar er fyrsta skrefið í þá átt.

Nokkra umræður sköpuðust í kringum skýrsluna og fundarmenn ánægðir með störf samtakanna. Sendur verður út póstut til félagsmanna varðandi leikinn og auglýsingarnar.

### 2. Kynning og afgreiðsla aðildarumsókna

Kristín Sóley, ritari, kynnti þá aðila sem sótt hafa um aðild að þessu sinni en þeir eru 11. Eftirfarandi aðilar hafa sótt um fulla aðild Á Sturlungaslóð, Sögusvuntan, Laufáshópurinn (Gásahópur). Eftirfarandi aðilar hafa sótt um aukaaðild: Endurmenntunarskólinn, Bjarni Eiríkur Sigurðsson, Markaðsskrifstofa Vesturlands, Ferðaskrifstofan Ísafold, Ferðaþjónusta bænda, Menningarráð Suðurlands, Skúli Sæland (Menningarmiðlun).

Fundarmenn samþykktu aðild þeirra að samtökunum einróma. Félagar eru þá orðnir 65 talsins.

### **3. Afgreiðsla reikninga**

Skúli Björn, gjaldkeri, kynnti ársreikninga samtakanna. Ársreikningar voru bornir upp til samþykktar og samþykktir af fundarmönnum.

### **4. Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

### **5. Starfsáætlun fyrir komandi starfsár og fjárhagsáætlun**

Skúli Björn kynnti fjárhagsáætlun komandi árs. Verkefni komandi árs komu vel fram í máli Rögnavalдар undir 1. lið fundarins. Þessar tvær áætlanir voru samþykktar.

### **6. Ákvörðun árgjalds**

Árgjaldið er 10.0000 fyrir fulla aðild en 5.000 kr fyrir aukaaðild. Stjórnin leggur til óbreytt árgjald og var sú tillaga samþykkt.

### **7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga**

Pétur Jónsson frá Grettistaki, meðstjórnandi, gefur ekki kost á sér aftur. Guðbrandur Benediktsson, Landnámssýningin í Aðalstræti, gefur kost á sér og var samþykktur. Aðrir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram en Kristín Sóley lætur af störfum ritara og verður meðstjórnandi en Ásborg verður ritari. Kosning sitjandi stjórnarmanna var samþykkt einróma. Skoðunarmenn reikninga gefa einnig áfram kost á sér og var kosning þeirra einnig samhljóða samþykkt.

### **8. Önnur mál**

Engin mál voru rædd undir þessum lið.

### **Fundi slitið kl 11:10**

#### **Punktur úr umræðum sem fylgdu í kjölfar fundar.**

Rögvaldur kynnti aðeins verkefnið Sögueyjan Ísland sem samtökin fengu markaðsáttaksstyrk Ferðamálastofu til þess að þróa. Lára (Hrafnkellssaga), Ragnar Kjartansson og Sigrún Ragnarsdóttir vilja gjarnan komast í hóp skipuleggjanda þ.e. með Rögnavaldi, Helmut, Jóni Baldri og ferðaskrifst. bænda. Bláðmenn frá Skandinavíu, Bretlandi og Þýskalandi fara í prufuferðir.

Hagvöxtur á heimaslóð eru að vinna svipuð verkefni – söguslóðir á heimaslóð (uppl frá þuru). Við þurfum að tengjast þeim.

Birna frá Landsýn er að taka yfir norsku leið Norrænu – reyna að fá Norðmenn til að koma á söguslóðir á Íslandis – kannski gæti söguslóð byrjað fyrir austan á Seyðisferði.

Söguslóðir fyrir einstaklinga.....

Spurningaleikurinn. Rögnvaldur útskýrði hann.

Hver aðili sem er með í kynningarefninu er með eina spurningu, stimpill fæst fyrir rétt svar – á ákveðnum stað. Einn stimpill – þýðir 10% afsláttur á næsta stað. 4 stimplar – klippa ávk síðu úr bæklingnum og lenda þá í potti í boði eru 2 góðir vinningar. Ekki eru allir með starfsmenn á staðnum – þeir verða að útbúa skilti til að hafa á staðnum sem vísar á þann stað sem stimpill fæst sem og hvar happdrættiskassinn finnst. Þetta á að hvetja menn til að fara á milli aðila innan samtakanna, kynnast sögunni, og síðast en ekki síst halda betur í kynningarefni okkar. Box þarf að vera til staðar innan mánaðar – Það þarf einhver tengiliður á hverju svæði að upplýsa sína upplýsingamiðstöð um hvernig þetta virkar og hvar stimplar fást!!!!

Fleira var ekki spjallað og fundarmenn drifu sig í hádegismat og svo lá leiðin á Söguslóða-málþingið okkar.